

Knattspyrnufélagið Þróttur

Siðareglur



Siðareglur Þróttar

Hlutverk siðareglna (code of ethics) er að veita þeim sem koma að íþróttum almennar leiðbeiningar og vera þeim hvatning. Þær eru hluti af þeim anda sem á að vera ríkjandi í félaginu og þurfa að njóta almenns stuðnings meðal félagsmanna. Þær eru ekki tæmandi, heldur leiðbeinandi og hvetjandi. Reglurnar skal kynna öllum hlutaðeigandi.

Siða- og hegðunarreglur Þróttar byggja á Siða- og hegðunarreglum ÍSÍ, svo sem þær liggja fyrir opinberlega á vegum sambandsins á hverjum tíma.

Siðareglurnar eiga við um alla fulltrúa og starfsmenn Þróttar. Til fulltrúa Þróttar og starfsmanna teljast allir meðlimir stjórna og nefnda, dómarar, þjálfarar, leiðbeinendur, allir meistarafloksleikmenn eða iðkendur eldri en 18 ára og sérhverjur þeir aðrir sem starfa á vegum Þróttar til skemmri eða lengri tíma.

Meistarafloksleikmenn og aðrir iðkendur undirgangast hegðunarreglur, agareglur þjálfara og reglur um keppnisferðir sem byggja á þessum siðareglum.

Barn samkvæmt reglum þessum er einstaklingur sem er yngri en 18 ára. Barn í skilningi reglna þessara getur verið iðkandi og/eða starfsmaður.

Með iðkanda í siðareglum þessum er átt við iðkanda í yngri flokkum félagsins.

Leikmenn samkvæmt reglum þessum teljast þeir sem eldri eru en 18 ára og leika eða æfa með félaginu.

Eftirfarandi reglur – auk siðareglna ÍSÍ – gilda um alla þá fulltrúa Þróttar, starfsmenn og leikmenn sem að ofan eru nefndir:

- Aldrei skal beita barn eða samstarfsmann andlegu, líkamlegu eða kynferðislegu ofbeldi.
- Aldrei skal leggja barn eða samstarfsmann í einelti.
- Tilkynna skal strax til yfirmanns, þjálfara, starfsmanns Þróttar eða siðanefndar ef grunur vaknar um að barn eða starfsmaður sé beittur ofbeldi, hvort sem um er að ræða andlegt, líkamlegt eða kynferðislegt ofbeldi. Grun um einelti ber að tilkynna með sama hætti samkvæmt áætlun félagsins um viðbrögð við einelti.
- Leikmönnum og starfsmönnum Þróttar er óheimilt er að tengjast eða „vingast“ við iðkanda yngri en 18 ára á samfélagsmiðlum.
- Aldrei skal taka að sér akstur iðkenda í tengslum við æfingar eða leiki nema með vitneskju eða leyfi foreldra og/eða forráðamanna.
- Aldrei má eiga í samskiptum við barn með kynferðislegum undirtóni eða vísa til einhvers slíks.
- Ekki skal viðhafa niðrandi athugasemdir um eða við iðkanda um holdarfari, kynþátt, kynhneigð, trúarskoðanir, stjórnmalaskoðanir eða önnur þau atriði sem varða iðkanda persónulega.
- Ekki skal viðhafa niðrandi athugasemdir um foreldra og/eða forráðamenn iðkanda.
- Óheimilt er að misnota aðstöðu sína innan félagsins í fjárhagslegum eða persónulegum tilgangi.

- Starfsmenn félagsins eru bundnir trúnaði að því er varðar persónulegar upplýsingar sem þeir verða áskynja í störfum sínum. Ákvæði laga um barnavernd ganga ákvæði þessu framar eftir því sem við á. Það á meðal annars við ef barn greinir frá kynferðislegu ofbeldi.

Um siðanefnd og brot á siðareglum félagsins

Í Prótti skal starfa siðanefnd. Aðalstjórn Próttar skipar þrjá menn í nefndina. Siðanefnd úrskurðar í þeim málum sem falla undir ákvæði þeirra reglna sem nefndar eru hér að ofan.

Siðanefnd tekur alla jafna til umfjöllunar mál sem berast frá aðalstjórn Próttar, stjórnunum einstakra deilda innan félagsins eða stjórnunum einstakra ráða innan félagsins. Framkvæmdastjóri Próttar getur lagt mál fyrir nefndina. Iðkandi, stjórnarmaður, starfsmaður, félagsmaður, sjálfboðaliði eða einhver annar sem telur að siðareglur félagsins hafi verið brotnar skal einnig eiga rétt á að kynna nefndinni mál milliliðalaust, ef nefndin telur það nauðsynlegt.

Siðanefnd Próttar setur sér sjálf nánari starfsreglur sem leggja skal fyrir aðalstjórn Próttar til umfjöllunar og samþykktar.

Siðanefnd skal kynna sér þau mál sem vísað er til nefndarinnar og boða aðila viðkomandi máls til fundar við sig. Hún skal gæta hlutlægni í störfum sínum. Stjórn og starfsmenn Próttar skulu afhenda þau gögn og upplýsingar sem óskað er eftir af hálfu nefndarinnar, enda sé um að ræða gögn sem tengjast því máli sem til umfjöllunar er hverju sinni og eru nauðsynleg til úrlausnar þess.

Siðanefnd skal skila skriflegri skýrslu til aðalstjórnar um hvert það mál sem borið er undir nefndina. Siðanefnd skal jafnframt skýra hlutaðeigandi aðilum frá niðurstöðu máls skriflega eða boða hlutaðeigandi aðila til fundar í því skyni að greina frá niðurstöðu máls.

Brot á siðareglum getur varðað brottrekstur úr starfi eða úr féluginu.

Niðurstöður Siðanefndar Próttar eru leiðbeinandi fyrir framkvæmdastjóra og aðalstjórn félagsins en framangreindir aðilar eru ekki bundnir af tillögum nefndarinnar við afgreiðslu einstakra mála nema um annað sé mælt í lögum.

Niðurstöður nefndarinnar geta falið í sér að:

- Mál verði látið niður falla
- Skrifleg áminning verði veitt
- Lagt verði til við aðalstjórn Próttar tímabundin brottvísun úr starfi
- Lagt verði til við aðalstjórn Próttar tafarlaus brottvikning úr starfi
- Lagt verði til að máli sé vísað til viðeigandi yfirvalda, s.s. lögreglu og/eða barnaverndaryfirvalda
- Lagt verði til að vísa máli til siðanefndar ÍSÍ

Þeir sem starfa fyrir Prótt og/eða eru leikmenn meistaraflokks skulu skrifa undir siðareglur þessar við upphaf starfs/undirritun samnings.

